

126

30. des.

L Ö G

um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyriræmælum a-liðs 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 auro af hverjum lítra, skal innheimta 5 auro innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1944 til ársloka 1945. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að $\frac{3}{5}$ hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en að $\frac{2}{5}$ til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árinu 1944, og skal þá gcyma það fé, er til brúargerða skal varið eftir ákvæði þessu, þar til er kleift verður að flytja inn byggingarefni.

Það, sem $\frac{3}{5}$ hlutar teknanna samkv. lögum þessum kunna að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árunum 1945 og 1946, þó ekki yfir 100 þús. kr. hvort árið, en því, sem umfram kann að verða, skal skipt í réttum hlutföllum milli þeirra vega, sem fé er veitt til í fjárlögum af tekjum þessum.

3. gr.

1. málsg. 4. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932 orðist svo:

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið, er 1. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1944, og innheimtist þar, sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1943, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefur verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefur ónýtt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Ákvæði til bráðabirgða.

Yfirstandandi bifreiðaskattsár skal vera 1. júlí 1943 — 31. marz 1944 að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða $\frac{3}{4}$ af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. júlí 1943 — 30. júní 1944.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.